




# Hjálparsveitin **DALBJÖRG**

Útg. og ábm.: Hjálparsveitin Dalbjörg – 1. tbl. 9. árg. Desember 2009



*Gleðilegt ár!*



**FLUGELDAMARKAÐUR**

**DALBJARGAR HRAFNAGILSSKÓLA**

# Frá formanni

Kæru lesendur.

Manni verður oft hugsað til þess hve gott það er að geta leitað í gefandi sjálfböðastarf sem ekkert kostar og geta gert samfélaginu og náunganum gagn ef mikið liggur við. Nú er að ganga í garð annasamasti og mikilvægasti tíminn fyrir björgunarsveitirnar, en flugeldasalan, sem hefur verið okkar stærsta fjáröflun, fer af stað eins og venja er á milli jóla og nýárs. Fjáraflanir sem þessi eru okkur nauðsynlegar til að vera fær um að mennta okkar fólk svo það uppfylli þær kröfur sem eru gerðar til björgunarsveitafólks í dag.

Hjálparsveitin Dalbjörg er stækkandi sveit og verkefnum og aðstoðarbeiðnum fer fjölgandi, og það er alltaf nóg að gera hjá okkur. Sem dæmi má nefna að í sumar var Handverkshátíðin á Hrafnagili haldin með breyttu sniði með aðkomu ýmissa félaga í sveitinni. Mikil vinna var í kringum hátíðina og hún skilaði miklu til félaganna. Öll þessi mikla vinna og þrautseigja gerir Dalbjörgu kleift að starfa og þróast og við höldum ótraud áfram. Við eigum duglegt fólk með mikinn metnað í að sækja þau námskeið sem bjóðast, en við vitum að einnig nauðsynlegt að viðhalda þeirri menntun sem fólk hefur þegar fengið og leggjum

áherslu á það. Tveir meðlimir ætla að fara á 8 daga námskeið í fyrstu hjálpi í vor, Wilderness First Responder og síðastliðið vor fór einn félagi til Reykjavíkur

á viku námskeiði í fjallabjörg, *Rigging for rescue*. Eftir námskeiðið hefur áhugi á því að stofna fjallabjörgunarahóp aukist og nú er það í vinnslu. Unglingadeildin Bangsar heldur áfram að færa okkur færasta fólkið upp í sveitna.

Við eigum von á miklu námskeiðahaldi og ferðum til annarra sveita til að mennta okkur. Nú í byrjun desember pöntuðum við tvo nýja vélsleða til að skipta hinum gömlu út, og erum ánægð að geta haldið áfram eðlilegri en jafnframt nauðsynlegri endurnýjun tækjanna okkar.

Með kveðju

Eiður Jónsson, formaður Dalbjargar.



Eiður Jónsson, formaður Dalbjargar.



- ▶ Malbikun
- ▶ Kranabílar
- ▶ Vinnulyftur
- ▶ Vegheflar
- ▶ Gröfur
- ▶ Snjómokstur o.fl.



Sími

**892 8330**

866 7955 - Fax 462 4460

Óseyri 8 - 600 Akureyri - malbikun@simnet.is

## Fljótandi malbik

Gussasphalt

Frábær lausn fyrir  
mjaltabása,  
mjólkurhús  
og margt fleira





# Fullt hús af öryggi

## Hvað, hvar, hvernig?

Til þess að sporna við eða koma í veg fyrir tjón af völdum elds og vatns á heimilinu er mikilvægt að réttar forvarnir séu til staðar. Að sama skapi er einnig nauðsynlegt að forvarnartækjum sé komið fyrir á réttum stöðum og ekki síður að allir í fjölskyldunni kunni að nota þau á réttan hátt.

### // Jónískur reykskynjari

Hann skynjar með rafeindahólfi ósýnilegar, lyktarlausar og sýnilegar lofttegundir, sem myndast við bruna á byrjunarstigi, sérstaklega frá opnum eldi. Hann er háður loftþrýstingi, rakastigi, hitastigi og loftræstingu. Jónískir skynjarar henta vel í stofur, herbergi, stigaganga, geymslur, geymsluganga og víðai.

### // Optískur reykskynjari

Hann skynjar með innbyggðu auga sýnilegan reyk frá t.d. glóðareldi og P.V.C. plastefnum. Hann er háður rakastigi, hitastigi og loftræstingu. Optíska reykskynjara er nægt að setja upp víðast hvar um íbúðina en þeir eru sérstaklega hentugir við eldhús.

### // Vatnsskynjari

Vatnsskynjaranum er komið fyrir niður við gólf þar sem vænta má vatns. Ef neminn skynjar vatni gefur hann frá sér hljóðmerki (85 desibel). Eins má losa botnstykki af skynjaranum og er þá skynjunin tengd 180 sm langri snúru sem lögð er þangað sem vænta má vatns. Mjög góð viðvörðun við alltof algengum óhöppum. Vatnseminn er neðst á skynjaranum.

### // Léttvatnsslökkvitæki

Léttvatnsslökkvitæki ermjög hentugt á heimili og í sumarhús. Léttvatnið myndar filmu yfir flötinn sem brennur og kemur í veg fyrir að súrefni komist að eldirum. Léttvatnsslökkvitæki má nota á rafmagnselda upp að 1000 voltum en mikilvægt er að vera þá í minnst eins metra fjarlægð.



Neyðarnúmer ..... **112**

Tjónanúmer TM ..... **800 6700**

ForvörnTM

TRYGGINGAMÍÐSTÖÐIN / Sími 515 2000 / tm@tm.is / www.tm.is



# Sleðaflokkar björgunarsveita



Sleðafólk Dalbjargar á æfingu. Horft af Kerlingarhnjúk yfir á Hofsjökul.

**Hjálparsveitin Dalbjörg keypti sinn fyrsta sleða árið 1998 af gerðinni Polaris RMK 600. Sleðinn var útbúinn með kortalaus GPS tæki, tanktösku með kortavasa og ökumaðurinn með handtalstöð innan klæða. Engar sérstakar kröfur voru um annan búnað eða hvernig björgunarsleðinn ætti að vera útbúinn. Einu kröfurnar til ökumanns voru að hann kynni að fara með sleðann og kæmi ekki sjálfum sér í vandræði.**

Á þeim stutta tíma síðan þá hefur margt breyst og þróast. Hjálparsveitin hefur endurnýjað sleða sína á 3 ára fresti og átt á þessum árum sjö sleða. Fyrstu árin voru sleðarnir tveggja manna ferðasleðar (RMK touring og Ventura 700, með mikið flutningspláss en þeir voru þungir og erfiðir í meðhöndlun í þröngum aðstæðum. Okkur fannst að léttari sleðar myndu henta okkar svæði betur og árið 2004 skiptum við yfir í Polaris Switchback 600 (Crossover) sleða sem eru millilangir og léttari. Við komum nauðsynlegasta búnaði haganlega fyrir á þeim. Þrátt fyrir að sleðarnir væru eins manns gátum við flutt farþega um styttri vegalengd. Fram að þessum tíma var það óskrifuð regla að björgunarsleðar ættu að vera langir tveggja manna sleðar og helst með lágu drifi og þóttu þessi kaup hjá okkur frjálst af mörgum íhaldssömum

aðilum í björgunargeiranum. Í dag eru flest allar björgunarsveitir komnar á þessa gerð af sleðum eða stærri og menn farnir að átta sig á því hvernig sleðar henta þeirra svæðum best.

Kröfur til sleðaökumanna hafa líka aukist mikið sem og búnaður. Ökumenn þurfa að æfa mikið og vera með mjög góða GPS kunnáttu og þekkingu á sínu svæði. Sleðar eru oftast þau tæki sem eru fljótust á vettvang þegar slys verða á fjöllum. Því þurfa ökumenn að vera öflugir björgunarmenn með búnað til fyrstu hjálpar, sprungubjörgunar, snjóflóðaleitar og góða kunnáttu á hann. Í dag er það viðmið að ökumaður sleða sé Björgunarmaður 1 (grunnmentun björgunarsveitamanna) og að auki búinn með námskeið í Fyrstu hjálp 2, Vélsleðamaður 1, Snjóflóðamat og Veðurfræði á fjöllum. Mikið er lagt upp úr því að sleðarnir hjá okkur séu áreiðanlegir og fá þeir gott viðhald og umhirðu. Sleðarnir standa alltaf klárir á kerru með auka bensíni og öllum búnaði auk búnaðartösku fyrir ökumenn. Þannig náum við að stytta útkallstíma og ökumenn þurfa aðeins að hugsa um sinn persónulega búnað. Meira um útbúnað sleða og ökumanns má sjá á heimasíðunni okkar [www.dalbjorg.is](http://www.dalbjorg.is).

Pétur R Tryggvason



Smári í æfingaferð við Laugafell.

## Kallmerki: Dalbjörg 6 og 7

Árg: 2007  
Tegund: Skidoo Ranegade 600  
Belti: 32 mm Lengd 136 "  
Negling á belt: Já  
Fjarskipti:  
WHF bátastöð, Tetra handstöð.  
Símanúmer: NMT 8522413  
GPS tegund: Garmin 172 map C.  
Krókur: Já  
Teppi: Já  
Dráttartóg: Já

## Sjúkrabúnaður:

Sjópoki, hálskragi, sjúkrapúði, teppi, Bivak, SAM spelkur..  
Sprungubjörgunarb: Ath  
Snjóflóðastöng: Já  
Skóflajá  
Ísexi: Já  
Neyðarblýs: Já  
Leitarljós: nei  
Flutningur: Tvöföld sleðak.  
Annað: 1.L af ollu, tóng, boltar/rær, öryggi, vara strekkiband, ísvari, límbönd, dragbönd, Bensíndæla, Vindlakveikjari, tvöfalt sæti.

Klifurtaska er aukabúnaður

Hér má sjá útbúnaðarlista á sleðum Dalbjargar.



# MOTUL

## Olíur fyrir vandláta

Motul fyrir mikið álag á fjöllum



Hafið samband og fáðu nánari uppl. um hvernig Motul Gear 300 getur sparað þér peninga í viðhaldi jeppans

Veist þú hvað Gear 300 gerir fyrir jeppann þinn?

Hafið samband við sölumenn okkar og fáid nánari uppl.

Gæði og gott verð



Gleráreyrar 2 600 Akureyri sími 464-7960 [www.k2m.is](http://www.k2m.is)

Hágæða olíur fyrir vélsleða



ATH: einu vélsleðaolíurnar sem innihalda Ester, fætið nánari uppl.

Öflugt bíla, jeppa - og búvélaverkstæði

K2M rekur þrjú öflug verkstæði, tvö á Akureyri og eitt á Egilsstöðum. Sérhæft jeppabreytingaverkstæði, tvö almenn bilaverkstæði, vöru- og búvélaverkstæði, mótörhjóla og vélsleða-verkstæði.

Hjá okkur starfa yfir 20 faglærðir bifvélavirkjar sem taka vel á móti þér.



Olíur fyrir búvélar í miklu úrvali. Gæðaolíur á góðu verði.

## Öll þrif fyrir fyrirtæki, stofnanir og heimili



Óskum starfsmönnum okkar og viðskiptavinum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári

Allar vörur til ræstinga, áhöld, hreinsiefni, pappír og plast



Frotagötu 4 C 603 Akureyri  
Símar: 461-5232 / 892-5232 / 865-8114 /  
865-2425 (vakt sími allan sólarhringinn)  
email [thrif@thrif.is](mailto:thrif@thrif.is) / [www.thrif.is](http://www.thrif.is)



# Útköll og aðstoð

Björgun hesta á Vaðlaheiði.

## 3. janúar

Björgunarsveitirnar Þingey, Týr og Dalbjörg fóru upp á Vaðlaheiði að leita að 3 hestum sem horfið höfðu frá Brúnagerði í Fnjóskadal. Þeir fundust austarlega á Bilds-árskarði og tókst björgunarmönnum að reka þá fyrir Sölvagil og að Brúnagerði. Alls tóku um 30 manns á 8 jeppum, 6 fjórhjólum og 4 snjósleðum þátt í verkefninu.

## 28. febrúar

Þetta laugardagskvöld fór Ingi í Ártúni upp í Vatnahjallann á snjóbílum og stakk í gegnum sneiðingana í slóðinni fyrir jeppamenn sem óskuðu eftir aðstoð. Frá því að beiðnin barst og þar til Ingi var kominn upp í efsta sneiðing leið um klukkustund.



Smári að skipta um drifloku.

## 29. febrúar


Á sunnudagsmorgni fór Ingi aftur af stað á snjóbílum ásamt 2 jeppum og sleðaflokknum til að ná í jeppa sem var skilinn eftir sunnan við Bergland daginn áður vegna bilunar. Þar var gert við bilunina svo hægt var að aka bílnum til byggða.

## 14. mars

Um kl 18:00 þennan dag fékk Dalbjörg útkallsbeiðni vegna tveggja franskra skíðagöngumanna sem voru í vanda á hálendinu. Þau voru á leið suður yfir hálendið en lentu í vondu veðri og tjaldið þeirra fauk niður. Snjóbíll, sleðar og jeppar Dalbjargar voru á leið í æfingaferð og fóru því þegar af stað. Snjóbíllinn fann fólkið um 21:30 um 10 km vestan við Fjórðungssölu. Fólkið var tekið um borð í snjóbílinn og flutt í Laugafell. Veðrið var afleitt og sá Ingi, ökumaður snjóbílsins, varla fram fyrir tönna á bílnum. Þau héldu kyrru fyrir í Laugarfelli fram á morgun. Snjóbíll frá Súlum hafði beiðið af sér veðrið við Bergland, þeir tóku við Frökkunum til að ferja þá til byggða og Dalbjargarmenn héldu áfram æfingaferðinni.

## 11. júlí


Ingi rakst á tvo unga drengi sem voru fastir inni á Eyja-fjarðardal þar sem það hafði sprungið dekk undir bílnum þeirra. Þeir voru búnir að bíða í nokkrar klukkustundir þar sem ekkert farsímasamband var á staðnum. Ingi hjálpaði þeim að skipta um dekk og þeir komust heilu og höldnu til byggða.



*Bestu óskir um gleðileg jól  
og farsælt nýtt ár!*

# NORÐLENSKA





Lítið sást út úr snjóbílnum

### 13. ágúst

Á fimmtudagskvöldi kl. 21:50 barst beiðni frá lögreglu um að svipast um eftir fólki sem ætlaði frá Akureyri upp í Laugarfell en hafði ekki skilað sér. Við nánari athugun og samtal við fólk sem var að koma niður dalinn var líklegur bíll staðsettur um 25 km innan við Hólsgerði eða mjög norðarlega á fjallinu inn af Eyjafirði. Dalbjörg 1 fór fram dalinn og kom að fólkinu um kl. 22.45, þar sem þau voru búin að vera stöpp í 7 klukkustundir. Ástæðan var sú að dekk á bílnum hafði sprungið og sat fast þótt þau og fleiri væru búin að reyna að ná því undan bílnum. Málum var bjargað snarlega og fólkinu svo fylgt áleiðis til Akureyrar þar sem lögreglan var upplýst um gang mála.

### 20. ágúst

Fólk á ferð frá Laugarfelli var fast fremst á Eyjafjardardal vegna þess að dekk sprakk á bílnum þeirra. Ein úr hópnum gekk í Hólsgerði og hringdi þar á hjálp. Dalbjörg 1 hélt inn á dal til hjálpar og hópurinn komst til byggða.

### 5. september

Þennan laugardag fengu Hjálparveitin Dalbjörg og Súlur, björgunarsveitin á Akureyri útkallsbeiðni vegna manns sem hafði slasast í göngum inn á Garðsárdal. Beiðnin barst rétt fyrir kl 19:00 og frá okkur fóru 8 manns á 3 bílum. Báðar sveitir voru komnar á staðinn fyrir 19:30. Maðurinn var settur í börur og inn í björgunarsveitarbíl

sem flutti hann niður á veg. Þar beið hans sjúkrabíll sem flutti hann á sjúkrahúsið á Akureyri.

### 10. september

Ingi rakst á slæptan þýskan hjólamann sem var á gangi skammt frá Hólsgerði. Hjólið hans hafði bilað inn á dal og hann var búinn að ganga um 6 km til byggða í roki og ausandi rigningu. Kappanum var kippt um um borð, hjólið sótt og honum veitt gisting í Ártúni. Svo var gert við hjólið daginn eftir og maðurinn hélt sína leið. Um 9:30 á sunnudagsmorgun bankaði svo jeppamaður upp á í Ártúni með gat á dekki, það var tappað og hann hélt sína leið á fjöllin.

### 30. október

Elmar og Hlynur fóru til aðstoðar rjúpnaskyttu sem hafði misst bílinn sinn út af veginum ofan við Þormódsstaði í Sölvadal. Billinn var kominn út af veginum í sneiðingunum ofan við Þormódsstaði og var í þann veginn að falla fram af. Félagi mannsins var líka á staðnum. Félagarnir fóru á tveimur jeppum til að spila bílinn upp. Það gekk vel og gátu mennirnir haldið heim á leið um 5 leytið.

### 10. desember

Lögreglan á Akureyri óskaði eftir aðstoð við ökumann þar sem billinn hans sat fastur utan vegar í landi Háls í gamla Saurbæjarhrepp. Tveir menn fóru á Dalbjörg 2 til hjálpar og kunni fólkið þeim bestu þakkir fyrir.



Verið að aðstoða jeppamann.



*Bestu óskir um  
gleðileg jól  
og farsælt nýtt ár!*



*Bestu óskir um  
gleðileg jól  
og farsælt nýtt ár*





Víðir og Hlynur kynna sér dælubíl Slökkviliðs Akureyrar.



Sverrir að taka vatn úr læknum.

## Hjálparlið Dalbjargar

Á síðasta ári undirrituðu Dalbjörg og Slökkvilið Akureyrar samning sem fól í sér að Dalbjörg myndi manna hjálparlið fyrir SA. Í því eru 8 manns, frá Bringu að austan og Holtseli að vestan og inn í Halldórsstaði. Hópurinn hittist reglulega og eins sér SA um þjálfun fyrir mannskapinn.

Hjálparliðið var með tvær æfingar á þessu ári, einn fyrirlestur og nokkur vinnukvöld. Fyrri æfingin var haldin í vor og var hún með námskeiðsmönnum SA. Þeir komu á dælubíl SA fram í Jórunnarstaði og hjálparliðsmenn komu með kerruna sína. Farið var með lausar dælur niður í á og vatni dælt upp í bílinn sem stóð rétt norðan við bæinn, úr honum var síðan sprautað í átt að hlöðunni.

Seinni æfingin var núna í haust, en þá var farið í Hríshól og liðið æft í því að ná vatni úr litlu vatnsbóli. Bæjarlækurinn þarna er líklega eina vatnsbólið sem hægt er að nota til slökkvistarfa þar og því gott að átta sig á því hvaða afköst hann hefur á móti dælum slökkviliðs. Einnig gerðum við tilraunir með afköst stúta og slangna til að átta okkur betur á getu búnaðarins.

Báðir aðilar eru ánægðir með samstarfið og eru sam- mála um að það er mikið öryggi í því að hafa við- bragðsaðila í sveitinni þar sem slökkviliðið getur þurft að aka langar vegalengdir áður en áfangastað er náð.

*Víðir Ágústsson, Torfufelli.*



Ingólfur Jóhannsson  
skrúðgarðyrkjufraeðingur  
Uppsalar Eyjarfjarðarsveit  
Símar: 463 1243 • 896 5358





# Endurnýjun á sleðum sveitarinnar

Þar sem hagstæðast er fyrir björgunarsveitir að endurnýja sleða á 3 ára fresti er búið að ákveða að kaupa tvo nýja Arctic Cat Crossfire 800 Snopro sleða, þeir eru á 141' löngu belti með 38 mm spyrnum, ballansstöngum og öflugum kælum. Þeir koma í stað Skidoo Renegade sleða sem við eigum núna en eru til sölu. Nýju sleðarnir koma í byrjun janúar og verður strax farið að vinna við að koma búnaði fyrir á þeim svo þeir verði útkallsfærir sem fyrst.



*Bestu óskir um  
gleðileg jól  
og farsælt nýtt ár*

**Landflutningar**  
SAMSKIP

*Bestu óskir um  
gleðileg jól  
og farsælt nýtt ár*

 **Skeljungur**  
Oddeyrarskála  
Sími 444 3161

*Bestu óskir um  
gleðileg jól  
og farsælt nýtt ár*

  
**NORÐURORKA**  
RANGÁRVÖLLUM · PÓSTHÓLF 90 · 602 AKUREYRI



## Bústólpi

*Óskar viðskiptavinum sínum*

*gleðilegrar jólahátíðar*

*með þökk fyrir viðskiptin á liðandi ári.*



**Bústólpi**

FÓÐUR OG ÁBURÐUR

# Horft um öxl

**Árið 1991 bauð Landssamband Hjälparsveita Skáta aðildareiningum sínum að sækja um námskeið í fjallabjörgun. Stjórn Dalbjargar sá þarna tækifæri á að mennta spottabjörgunarmenn með því að senda tvo aðila á námskeiðið og síðan myndu þeir miðla kunnáttu sinni áfram til björgunarsveitarinnar.**

Námskeiðið var haldið í Glenmore Lodge í Skotlandi. Þeir sem vildu máttu sækja um og það voru margir sem sýndu áhuga. Frá Dalbjörg voru það undirritaður og Jóel Svanbergsson sem gáfu kost á sér til fararinnar.

Við félagar héldum suður án þess að vita að fullu hvað biði okkar. Við hittum fyrir félagi úr björgunarsveitum af Reykjavíkursvæðinu sem voru á leið á námskeiðið ásamt leiðbeinendum frá LHS.

Fyrsti dagurinn á námskeiðinu var haldinn hér heima og hópurinn fór upp í Esjuna til æfinga. Þá rann upp fyrir



okkur að við stóðum hinum björgunarsveitarmönnum langt að baki þar sem við höfðum aldrei snert á sig- eða klifurbúnaði. Leiðbeinandinn sá líka ástæðu til að nefna við okkur að það hefði verið ætlast til þess að við hefðum reynslu og þekkingu fyrir svona stórt námskeið. Þannig fór að fyrsta sigið okkar tókum við í hlíðum Esjunnar daginn áður en flogið var utan og við fundum aðeins fyrir því að við, „bændurnir að norðan“ værum ekki hátt skrif- aðir. Seinna um daginn fórum við í Skátabúðina og keyptum okkur fjallgönguskó og klæðnað til að falla betur í hópinn.

Eldsnemma daginn eftir var haldið út á flugvöll og þaðan var flogið til Glasgow. Hópurinn fór upp í rútu og mikil geðshræring greip um sig þegar rútbílstjórinn ók ákveðið af stað út á götu og inn á næsta hringtorg á vitlausum vegarhellingi og öfugan hring að okkur fannst. Við vorum lengi að venjast þessum „öfuga“ akstursmáta. Við keyrðum inn í miðborgina þar sem önnur rúta beið þess að flytja okkur norður til Glenmore Lodge sem er um 3 tíma akstur, á vitlausum vegarhellingi og í gegnum endalaus trjágöng. Seinnipartinn renndum við í hlað við Glenmore Lodge sem er skóli sem sérhæfir sig í útlífssport og björgunarkennslu. Þá hafði verið ákveðið að senda okkur Íslendingana beint í leit sem stóð yfir að tveimur unglungum sem urðu viðskila við gönguhóp á svæðinu. Það var ekið með okkur upp á heidi þar rétt hjá og upp úr trjágróðrinum. Mér fannst þetta góð tilfinning, að sjá loksins eitthvað annað en tré og sjá yfir Skotland til að átta mig aðeins á svæðinu. Strákarnir fundust fljót þannig að við héldum aftur til baka í skólann til að koma okkur fyrir.

Fyrsti dagurinn á námskeiðinu var tekinn snemma líkt og dagarnir sem á eftir komu. Morgunmaturinn var sérstakur og það lifir sterkt í minningunni að fá djúpsteikta tómata og litlar djúpsteiktur pylsur í morgunmat. Allur matur var djúpsteiktur eða steiktur og okkur sveitastrák- unum þótti mjólkinn með afbrigðum vond.

Að loknum morgunverði var fundur þar sem við hittum kennarana okkar. Annar þeirra var Breti en hinn var skoskur og var með öllu ómögulegt að skilja hvað Skotinn sagði nema að sá fyrrnefndi þýddi það yfir á ensku. Á fundinum var farið í gegnum það sem yrði tekið fyrir á námskeiðinu og hver og einn var síðan spurður um kunn- áttu og reynslu. Þá kom í ljós að allir höfðu talsverðan grunn nema ég og Jóel. Hvernig sem á því stóð hafði það alveg farið framhjá okkur að reynsla væri skilyrði til að komast á þetta námskeið. Eftir fundinn var liðinu mokað upp í gamlan ljósbláan Ford Transit með langbekkjum. Undir stýri sat Skotinn óskiljanlegi og keyrði eins og druslan dró eftir mjóum vegi að svæði stutt frá skólanum. Þann dag æfðum við okkur við að setja upp tryggingar og síga niður lágan klett.

Allir dagar voru eins uppsettir, sérstæður morgun- matur og síðan ekið á ákveðin svæði í kring til verklegra æfinga og að því loknu heim í kvöldmat. Þar sem tæp 20 ár eru síðan við fórum er minnið aðeins glöppótt og dagaröðin því ekki á hreinu. Æfingarnar voru margar og yfirleitt var sérstakt þema fyrir hvern dag. Til dæmis gat þemað verið félagabjörgun, sólóklifur og klifur út við sjó. Kennararnir miðuðu greinilega allt við það að tryggja í næsta tré. Við þurftum því að koma þeim í skilning um að þeir þyrftu að sýna okkur eitthvað annað en tré til að tryggja í, íslensk tré væru ekki vænleg til árangurs, hvað þá að þau væru alltaf til staðar.

Eitt af því minnstæðasta frá námskeiðinu var línubru sem gerð var yfir 40-50 metra breitt gil og 30 metra djúpt, línurnar sem við notuðum voru mun stærri en tíðk- ast í dag eða um 20 mm sverar og átti einn maður nóg með að bera eina línu. Yfir gilið var síðan fluttur sjúkl- ingur í börum ásamt björgunarmanni. Næstsíðasta daginn var stór æfing þar sem við æfðum björgun fram af háum kletti með sjúkl- ingi í börum. Ég var sigmaður ásamt öðrum í þessari æfingu og við höfðum börurnar á milli okkar. Þarna áttaði ég mig á að maður var ekki alveg laus við lofthæðslu hangandi efst í klettunum með félagana langt fyrir neðan. Þeir virtust þokukennir og litlir þar



Klifursvæðið niður við jó.





Hlynir Þórsson og Jól Svanbergsson við æfingar í Glenmore Lodge í Skotlandi.

sem þeir horfðu upp til okkar og ekki laust við að það færi um mann ónot. Það þýddi ekkert að bogna, traust á búnaði og félögum hafði aukist mikið. Eftir því sem leið á námskeiðið tóku sunnanmenn okkur líka í sátt og sáu að „sveitastrákarnir“ voru vel nothæfir og fljótir að tileinka sér hlutina.


Við fengum eitt fríkvöld og var það auðvitað nýtt til að líta á lífið í Inverness sem er bær í nágrenni við skólann. Við fórum á barinn til að gera okkur dagamun. Það sem situr eftir frá því kvöldi er hvað íslenskar konur eru fallegar.

Þar sem björgunarsveitin átti engan búnað frekar en mannskap sem kunnir á hann fyrir þetta námskeið var ákveðið að við myndum kaupa grunnbúnað þarna úti. Við fundum búð í Inverness. Þar keyptum við tvö fyrstu sigbelti sveitarinnar, klifurlínu og annað sem við töldum okkur þurfa til að geta bjargað okkur og öðrum.

Að námskeiðinu loknu héldum við aftur til Glasgow þar sem við fengum tíma til að skoða stórborgina. Við félagarnir vorum spældir yfir því að hafa ekki getað farið til Lockness sem er í næsta nágrenni við Glenmore Lodge. Við hefðum viljað freista þess að berja skrímslið fræga augum.

Ferðin var mikil upplifun fyrir okkur sveitastrákana og við vorum gríðarlega ánægðir en þreyttir þegar heim var komið. Sumarið á eftir æfðum við okkur og miðluðum kunnáttu okkar áfram innan sveitarinnar. Þá var sá einfaldi búnaður sem við keyptum notaður og er hluti hans enn til hjá hjálparsveitinni.

*Hlynur Þórsson, Akri*



*Bestu óskir um gleðileg jól  
og farsælt nýtt ár*



Njarðarnes 9 - 603 Akureyri  
Sími 412-0400 - Fax 412-0401

*Bestu óskir um gleðileg jól  
og farsælt nýtt ár*



VÉLSMÍÐJAN ÁSVERK



# Handverkshátíð á Hrafnagili 2009

Handverkshátíðin var haldin dagana 7.-10. ágúst, og þetta árið var hún með breyttu sniði. Það þurfti að finna nýja leið til að halda hátíðina, og það var ákveðið að leita allra leiða til að finna rekstrargrundvöll þannig að þessi stærsti viðburður ársins í sveitinni gæti mögulega staðið undir sér. Dóróthea, framkvæmdarstjóri sýningarinnar, kom með hugmynd að breyttu fyrirkomulagi, að fá félögin í sveitinni til samstarfs við framkvæmdirnar.

Hugmyndin var rædd við forsvarsmenn ýmissa félaga í sveitinni og tóku flestir vel í þetta. Eftir nokkra fundi og viðræður var ákveðið að Ungmennafélagið Samherjar og Hjálparveitin Dalbjörg myndu bera hitann og þungann af vinnunni og vera með veitinga- og um-boðssölu á eins konar markaðstorgi og njóta ágóðans af því. Kvenfélögin Aldan-Voröld og Hjálpin tóku að sér miðasölu og fengu sölubás á torginu til fjáröflunar. Félagar í Lionsklúbbum Vitaðsgjafa gáfu 100 tíma í vinnu, tóku að sér nætur-gæslu og hjálpuðu einnig til í miðasölu.

Með þetta plan var hafist handa við skipulagningu og undirbúning hátíðarinnar. Dóra var þar fremst í flokki og

lét verkefnum og tékklistum rigna yfir okkur. Byrjunin var teppalagning með Einari Tryggva í íþróttahúsi og uppsetning sýningarkerfis í sal og skólastofum. Næsta mál var að sækja timbur og fleiri muni sem þurfti í útisvæði og Dalbjargarmenn fluttu það á kerrum frá Saurbæ og yfir í Hrafnagilsskóla. Oddvitinn kom með traktor sem var notaður við að flytja til dót og setja saman miðasöluhús. Þá komu tjöldin og þeim var hent upp af vönum björgunarsveitarmönnum á nokkrum klukkutímum. Það munaði um að fá nægan mannafla í þessi verkefni, því margar hendur vinna létt verk.

Verkaskiptingin var strax ákveðin hjá félögunum. Dalbjargarmenn ætluðu að koma meira að uppsetningu og niðurrifi sýningarinnar og Samherjar ætluðu að sjá um skipulagningu og veitingasöluna. Það var hringt í fólk í sveitinni og það virkjað í að framleiða söluvöruna. Gríðarleg samvinna skapaðist um bakstur og kynstrin öll af brauði og kökum komu víða að úr sveitinni. Eldhúsið í mótuneytinu var mannað frá morgni til kvölds í fleiri daga fyrir hátíðina og meðan á henni stóð. Undirritaður og Sigurður Eiríksson sáu um skipulag og innkaup fyrir félögin og okkur var alls staðar vel tekið. Það var að miklu að hyggja fyrir veitingasöluna og við lögðum upp með að kaupa sem allra minnst og gera sem mest sjálf. Það voru eflaust fá heimili í sveitinni sem ekki tóku þátt í þessu á einhvern hátt.

Á öðrum degi hátíðarinnar varð ljóst að metár yrði í gestafjölda því þann dag höfðu jafn margir gestir sótt hátíðina heim og alla dagana undanfarin ár. Á sunnudeginum komu flestir og mánudagurinn, sem var nýlunda, kom einnig vel út. Varlega áætlaður fjöldi heimsóknna á hátíðina þetta árið er 20.000 gestir. Það hefur gefið góða raun að hafa aðgönguarmbönd að hátíðinni sem gilda alla helgina. Þar með kemur fólk oft og mörg dæmi voru um það að fólk kæmi alla dagana. Það er einnig mikilvægt að hafa eitthvað við að vera svo gaman sé að koma alla daga.

Gríðarlega margir komu að dagskrá hátíðarinnar og gáfu vinnu sína. Guðni Ágústsson fyrrverandi landbúnað-



Birgir Arason við rúning.

arráðherra kom og sigraði hjórtu viðstaddra oftar en einu sinni, fjöldi hæfileikafólks kom fram á kvöldvökunni á laugardagskvöldinu og eins yfir hátíðardagana. Hönnunarsamkeppnin *Þráður fortíðar til framtíðar* var haldin, einnig tískusýningar, hægt var að skoða verksvæði handverksmanna, Jenný Karlsdóttir flutti fyrirlestur um jurталитun, Laufáshópurinn sýndi forna matargerð, forndráttarvélur voru til sýnis, myndlistarsýning var á sundlaugarbakkanum, Félag aldraðra hélt yfirlitssýningu á heimavistinni, Birgir Arason í Gullbrekku vakti mikla athygli þegar hann sýndi véldrúning og fékk til liðs við sig Höddu og Siggú á Hólum sem sátu við rokkana og spunnu. Handverkskona ársins 2009 var verðlaunuð á kvöldvökunni en þann titil hlaut Guðrún Steingrímsdóttir.



Handverkskona 2009, Guðrún Steingrímsdóttir, Stekkjarflötum.

Aðkoma félaganna vakti gríðarlega athygli og þá sérstaklega að hafa heilu fjölskyldurnar við afgreiðslu og störf tengd hátíðinni. Sérstaklega má nefna það að sýnendur hafa hingað til haft aðgang að kaffistofu, en núna var áberandi að sýnendur kusu sjálfir að kaupa sér kaffi á útisvæði, einvörðungu til að styrkja félögin og tryggja áframhaldandi form eins og margir nefndu með bros á vör. Mikil ánægja var meðal sýnenda sem voru yfir 100 talsins og kvöddu allir með þeim orðum að koma að ári og helst að fá stærri bás sem er frábær viðurkenning á framkvæmd hátíðarinnar.



Tískusýning á pallinum.

Sjálfbóðaliðar í hverju horni lögðust á eitt eins og sést á framansögðu við að koma hátíðinni á laggirnar. Allir sem lögðu hönd á plóg eiga þakkir skilið fyrir frábært samstarf og skemmtilegar stundir í ágúst.

Ragnar Jónsson



*Óskum viðskiptavinum okkar  
og Eyfirðingum öllum  
farsæls komandi árs  
þökkum árið sem er að líða.*

**SJÓVÁ**

Strandgötu 3 - 600 Akureyri  
Sími 440 2370 - Fax 4402380  
sjova.is

# FLUGELDAMARKAÐURINN HRAFNAGILSSKÓLA



## Opnunartími:

28. des. Kl. 10-22 / 29. des. Kl. 10-22

30. des. Kl. 10-22 / 31. des. Kl. 9-16

6. jan. þrettándinn Kl. 12-16

Flugeldasími: **867 8586**



**Dalbjörg**  
Eyjafjarðarsveit



© DAGSKRÁIN



SLYSAVARNAEFLAGIÐ  
LANDSBJÖRG



FLUGELDAMARKAÐUR  
BTÖRGUNARSVEITANNA  
FLUGELDARÍS

# Björgunarleikar frá sjónarhóli stelpnanna



Laugardagurinn 16. maí byrjaði heldur fyrr en venjulegir laugardagar, eða kl. 05:30. Það var komið að björgunarleikunum sem haldnir voru hér á Akureyri þetta árið. Þeir eru haldnir annað hvert ár á vegum Slysavarnarfélagsins Landsbjargar þar sem allar björgunasveitir á landinu geta sent frá sér lið sem keppast um að leysa ýmsar þrautir tengdar björgunartörfum.

Við vorum stúlknaðið Skvísur, sjö talsins, allar með mismunandi reynslu að baki. Við fengum boða kl. 06:30 um morguninn um að ef allir liðsmenn okkar væru mættir fyrir kl. 07:00 upp í Íþróttahöll fengjum við 100 aukastig. Við létum ekki segja okkur það tvisvar, enda löngu komnar á fætur því eins og við vitum öll getur það tekið talsverðan tíma fyrir sjö stelpur að hafa sig til. Það kom félögum úr hinum liðunum okkar mjög á óvart að við vorum fyrsta liðið til að mæta á staðinn af þeim þremur liðum sem Dalbjörg sendi frá sér. Dagurinn byrjaði sem sagt vel hjá okkur Skvísunum, 100 stig í höfn fyrir kl 07:00.

Við fengum verkefnaöppuna afhenta kvöldið áður og vorum því búnar að kynna okkur það sem beið okkar. Verkefnin voru af ýmsum toga. Við byrjuðum á því að fara í skyndihjálparverkefni þar sem reyndi á samhæfni okkar og skipulagningu. Því næst fórum við í GPS verkefni þar sem reyndi enn meira á samhæfni okkar því við vorum allar bundnar saman. Þetta gekk mjög vel, en við hefðum gjarnan viljað sjá videoupptöku af okkur tritlandi um túnið hjá Menntaskólanum. Næst var það Glerárgilið sem beið okkar með ólgandi Gleránni og snarbröttum bökkunum. Þar þurftum við að síga niður, hlaupa stutta leið og júmna okkur upp aftur. Gilið hefur sennilega aldrei virkað jafn stórt í okkar augum eins og þarna. Hver og ein þurfti að

treysta á sjálfa sig, og við þurftum ekki síst að treysta hvor á aðra, því við erum ekki vanar að klifra og síga upp á eigin spýtur og erum yfirleitt með reynda menn með okkur. Við vorum þó búnar að æfa okkur fyrir björgunarleikana og það skilaði sér heldur betur í þessu verkefni.

Í hádegis-„hléinu“ fengum við nokkra kolapoka sem við áttum að selja og reyna að fá sem mest fyrir þá. Við brunuðum beint á Glerártorg þar sem við stoppuðum vegfarendur og reyndum að selja þeim kol á milli þess sem við gleyptum í okkur samlokur. Þar sem flestir eiga gasgrill gekk heldur hægt að selja kolin en þegar við fórum að bjóða hópknús í kaupbæti fóru hjólin að snúast og salan að ganga betur. Eftir hádegisd leystum við fleiri verkefni af einstakri nákvæmni og einbeitingu, t.d. lentum við í viðgerð á þaki, rérum stóran hring á pollinum og suðum vatn á primusi á meðan og að lokum héldum við fram á Hrafnagil þar sem við skiluðum ágóðanum af kola-sölnunni og ein „skvísan“ keppti fyrir okkar hönd í sundi.

Við vorum þreyttar en ánægðar þegar við ræddum atburði dagsins og áttuðum okkur á því hvað við höfðum allar gott af því að þurfa að standa á eigin fótum en læra einnig að treysta hvorri annarri. Við lærðum heilmargt af þessu og þetta sýndi okkur að það er nauðsynlegt að láta reyna á eigin kunnáttu til þess að sjá hvar maður stendur og á hvaða sviðum maður getur bætt sig. Við mættum svo allar galvaskar á árs hátíð Slysavarnarfélagsins um kvöldið sem toppaði frábæran dag.

Við viljum þakka Súlum, björgunarsveitinni á Akureyri fyrir skemmtilega og vel skipulagða björgunarleika.

*Sigrún Jóna Sigurpálsdóttir.*



Verið að græja þakið á gömlu hlöðunni.



Elmar. fv. formaður mætti til að skemmta sér á leikunum.



# Hálendisgæslan 2009

Árið 2009 er fjórða árið sem björgunarsveitir Slysavarnafélagsins Landsbjargar sjá um hálendisgæslu yfir sumartímann. Hálendinu er skipt í fjóra hluta og björgunarsveitir vakta svæðin, viku í senn, frá júní og fram í ágúst. Með þessu verkefni er reynt að upplýsa ferðamenn um hálendið, ferðafólk er aðstoðað ef eitthvað bjátar á og einnig er markmiðið að fyrirbyggja að fólk komi sér í vandræði. Stór hluti af þessu verkefni er líka að stytta viðbragstíma ef slys verður á hálendinu. Það virðist sem allir séu ánægðir með veru björgunarsveita á hálendinu yfir mesta ferðatímann. Svo hefur þetta þróast í mikið og gott samstarf við skála og landverði á svæðunum.

Dalbjörg hefur tekið þátt í þessu verkefni frá byrjun og í ár fórum við, tveir vaskir menn frá Dalbjörg, í hálendisgæslu dagana 31. júlí – 7. ágúst. Bækistöðin var í Dreka við Öskju. Við vorum staðráðnir í því að hafa gaman af þessu og hjálpa til. Við lentum í margs konar krefjandi verkefnum, svo sem að draga fasta bíla úr ám, koma upplýsingum til lögreglu varðandi utanvegaakstur, veita ferðamönnum upplýsingar og sega þeim frá spennandi stöðum til að skoða og margt fleira. Þessa viku kom sér vel að vera vel útbúnir því við gátum sinnt smávægi-



Bill dreginn upp úr Lindá við Herðubreiðalindir.

legum viðgerðum svo sem að þétta vatnskassa á bíl, tappa dekk, gefa straum, opna læstan bíl, laga tjaldvagna og annað í þeim dúr. Það var mjög gaman að geta leyst öll verkefni sem okkur voru fólgin. Þótt þetta sé bara ein vika á ári þá gefur þetta okkur mikla reynslu í landþekkingu og sjálfsbjargarviðleitni og við erum reynslunni ríkari á eftir.

*Eiður Jónsson og Smári Sigurðarson*



Eiður aðstoðar ferðalanga.



Á Flæðunum norðan Vatnajökuls.

**B. HREIÐARSSON**  
VERKTAKAR

*Ekki vandamál!*





Frá fjölskyldudegi í Víkurskarði.

## Molar úr starfinu

### Fjárfilanir

Í ár var nóg að gera hjá okkur við fjárfilanir. Við sáum um gæslu bæði á þorablóti og á kabarett og vorum í gæslu á tjaldsvæðinu á Hrafnagili meðan á Bíladögum stóð. Nokkrir félagar fóru með heyrúllur upp í Laugarfell fyrir hestamenn, farið var í girðingavinnu bæði í júní og ágúst og svo leigðum við tjaldið okkar einnig í sumar. Í ágúst tókum við þátt í Handverkshátíðinni á Hrafnagili ásamt öðrum félögum í sveitinni.

Í nóvember var farin hin árlega reyk-skyngjarayfirferð ásamt því að við seldum Neyðarkallinn okkar. Í sömu ferð sáum við einnig um hundatalningu fyrir Eyjafjarðarsveit. Við verðum auðvitað með flugeldasóluna okkar í Hrafnagilsskóla um áramótin eins og venjulega og vonumst eftir góðum móttökum.

### Ferðir og fleira

Fjölskyldudagurinn var haldinn þann 1. maí í góðu veðri uppi á Víkurskarði. Þangað mættu um 40 manns sem renndu sér á sleðum, snjóþotum og öllu nothæfu og svo voru grillaðar pylsur handa mannskapnum í lok dags. Peysudagur Slysavarnafélagsins Landsbjargar var þann 11. maí og þá lögðu félagar áherslu á það að vera í rauðu peysunum og vekja athygli á starfinu. Við sáum um kassaklifur í Kvannahlaupinu í júní og héldum sumargleði í júlí. Litlu-jólin voru



Bubbi og Viðar að lagfæra mannskapsbíl Dalbjargar.

Sendum landsmönnum öllum  
okkar bestu óskir um  
**gleðileg jól**  
og farsæld á komandi ári





**Landsvirkjun**

www.lv.is



Pétur K. og Sunna við sigæfingar í Munkanum.

haldin þann 28. nóvember og voru með eindæmum glæsileg. Einnig voru farnar nokkrar æfingaferðir á árinu, bæði á bílum og sleðum.

### Unglingadeildin Bangsar

Þann 17. janúar var haldinn skemmtidagur í Bangsabúð þar sem búnaður sveitarinnar var kynntur fyrir hópnunum.

Skyndihjálparnámskeið var haldið í febrúar og svo fóru krakkarnir í klifur í Súluhúsinu í apríl. Starfið hefur einnig verið virkt í vetur eins og fram kemur í grein um Bangsana hér framar í blaðinu. Fundir og námskeið hafa verið haldin auk þess sem farið var í Réttartorfu með krakkana í nóvember.

### Fundir og vinnukvöld

Almennir fundir á árinu voru 8 talsins. Stjórnarfundir voru einnig 8 á árinu og sleðadeildin hélt 2 fundi á árinu ásamt nokkrum vinnukvöldum þar sem var farið yfir búnað sleðanna. Þann 18. febrúar var haldinn fundur vegna samnings slökkviliðsins og Dalbjargar varðandi hjálparliðið í sveitinni. Aðalfundurinn var haldinn 16. apríl þar sem stjórn hélt óbreytt. Dagana 15.-16. maí var Landsþing SL haldið hér á Akueyri um leið og björgunarleikarnir og árs hátíðin. Undirbúningsfundur fyrir landsæfingu var haldinn 14. október. Vinnukvöld voru reglulega á árinu, en þá er búnaðurinn yfirfarinn og tekið til í húsinu.



Halli að „júmma“ sig á toppinn!

**Veistupjónusta Greifans**

*Vid öll tækifæri*

**GREIFINN**  
VEITTINGAÐÚS  
www.greifinn.is • 460 1600  
Leitið upplýsinga

*Bestu óskir um  
**gleðileg jól**  
og farsælt nýtt ár*

**SPORTVER**  
Glerártorgi - Sími 461 1445

*Bestu óskir um **gleðileg jól**  
og farsælt nýtt ár*

 **VÉLFANG**  
www.velfang.is

 **LANDBÚNAÐUR** ehf.  
NB Agriculture Ltd.



Unglingadeildin eftir áheitasöfnun um páskana.

## Bangsarnir í Dalbjörg

**Þessi vetur er sá fimmti sem unglíngadeildin í Dalbjörg er starfrækt. Í ár var slegið aðsóknarmet, þar sem hátt í 30 krakkar eru á skrá hjá okkur. Þennan vetur höfum við lagt áherslu á að kynna alla möguleikana sem felast í björgunarsveitastarfinu fyrir krökkunum, svo sem í hvaða deildum þau vilja helst vera og að hverju þau vilja stefna sem björgunarsveitafólk framtíðarinnar.**

Þetta dæmi um það sem við höfum gert á árinu má nefna að við gistum saman í Bangsabúð í haust sem var nokkurs konar hópefli. Þá borðuðum við pizzu, fórum í leiki og töluðum um björgunarsveitina. Það hafa einnig verið nokkrir fundir og eitt hnútanámskeið.

Í nóvember fórum við í jeppaferð með bílstjórum Dalbjargar. Við keyrðum inn Bárðardalinn og gistum í Réttartorfu, skála Eyjafjarðardeildar F4x4. Náttúruperlur í kringum Skjálfandaflljót voru skoðaðar og krakkarnir lærðu um ferðir á fjöllum, hvernig skal klæða sig, hvernig á að

bera sig að við ýmsar aðstæður og hvernig eigi að ganga um hjálpasveitabíla.

Við ætlum að vera dugleg að klifra í vetur og æfa okkur af kappi því í vor langar okkur að fara að síga í Munkaþverárgilinu. Við ætlum einnig að fræðast um margt annað sem við kemur starfi sveitarinnar og fara á fleiri námskeið, til dæmis rötun, skyndihjálpar og klifur.

Við þurfum að sjálfsögðu að hafa fjáraflanir svo starfið gangi vel. Því höfum við það á stefnuskránni að halda kökubasar fljótlega eftir áramót og einnig ætlum við að hafa áheitasöfnun og vöflukaffi á föstudaginn langa.

Þetta unga fólk er fullt af orku og áhuga fyrir starfinu og ég er ekki í vafa um það að margir af þessum áhuga-verðu einstaklingum séu björgunarmenn framtíðarinnar.

*Marsibil Sara Pálmadóttir  
Umsjónarmaður unglíngadeildar Dalbjargar*



## Heimsókn í Janusbúðina

**Við gerðum okkur ferð inn í Janus verslunina í Amarohúsinu á Akureyri í leit að sniðugum verðlaunum fyrir litlu-jól Dalbjargar. Heppnin var með okkur því á móti okkur tóku eigendur Janusverslananna á Íslandi, Margreta og Heiðar. Móttökurnar voru til fyrirmyndar og þau gáfu sér tíma til að fræða okkur um þann frábæra fatnað sem þau hafa uppá að bjóða fyrir alla fjölskylduna.**

Við sem björgunarsveitafólk veltum auðvitað mikið fyrir okkur hvernig fatnað við notum í okkar starfi og þær flíkur sem við klæðumst næst húðinni eru stór þáttur í að okkur líði vel. Við viljum mjúkan og léttan fatnað sem veitir okkur góða vörn gegn kulda en klæðir jafnframt af okkur hita og svita. Það má heldur ekki gleyma því að við viljum einnig að fötin séu klæðileg og hægt að nota þau við fleiri tilefni en bara í útivist. Þessar kröfur eru uppfylltar í fötunum frá Janus því þau eru einstaklega flott. Það gleður mann líka vissulega að fá góða vöru á viðráðanlegu verði.

*Sigrún Jóna Sigurpáldóttir og Marsibil Sara Pálmadóttir*



*Óskum viðskiptavinum okkar  
farsæls komandi árs  
með þakklæti fyrir árið sem er að líða*



Óðinsnes 2 • Sími 460 4800

*Óska viðskiptavinum okkar  
gledilegs árs*

*með þökk fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða*



## ÍBÚÐIR VIÐ UNDIRHLÍÐ



Sérstaklega vandaðar þriggja og fjögurra herbergja íbúðir til sölu í glæsilegu 7 hæða fjölbýlishúsi við Undirhlíð 3, Akureyri. Bílageymsla og yfirbyggðar svalir fylgja öllum íbúðum. Stórkostlegt útsýni, frábær hönnun, vandaðar innréttingar og fagleg vinnubrögð gera Undirhlíð að spennandi kosti fyrir þá sem gera kröfur.

Nánari uppl. á [www.ssbyggir.is](http://www.ssbyggir.is)  
og [www.byggd.is](http://www.byggd.is)

 BYGGINGAVERKTAKI  
**BYGGIR**

# DALBJÖRG

## ÞAKKAR VEITTAN STUDNING



**Plastás ehf**  
Einangrunarplast   
Óseyri 4 - Sími 462 7799



TRÉBORG



**B2 BLIKKRÁS EHF**

**BÍLVIRKI ehf.**  
Goðanesi 8-10



Ferro Zink hf. • www.ferro.is • ferro@ferro.is  
Árstíg 6 • 600 Akureyri • sími 460 1500  
Álfhelli 12-14 • 221 Hafnarfjörður • sími 533 5700



KARL K. KARLSSON



Daglegt brauð



Deloitte.



SAMHERJI HF



STRAUMRÁS hf.

# Námskeið

## Björgunarmaður í aðgerðum – 28. janúar

Þetta námskeið var haldið í Bangsabúð. Leiðbeinandi var Jón Ingi frá Slysavarnafélaginu Landsbjörg og var fjölmennt á námskeiðinu. Þetta var gagnlegt námskeið sem félagar höfðu gaman af.

## Tetra framhald – 13.-15. febrúar.

Þetta námskeið var haldið í H12, húsnæði Súlna, björgunarsveitarinnar á Akureyri. Frá Dalbjörg fóru þeir Eiður, Ragnar og Smári. Á þessu námskeiði eru kenndir ítarlegri hlutir en á venjulegum Tetra námskeiðum og lærðu félagarnir að tengja VHF stöð við Tetra stöð, tengja stöð í stöð utan kerfis og fleira niðursamtal. Þessi þekking mun án efa nýtast þeim vel.

## Rigging for rescue – 24.-30. maí

Þetta er sérhæft fjallabjörgunarnámskeið sem er haldið af færum leiðbeinendum í fjallabjörgun frá Kanada. Dalbjörg sendi einn féлага, Pétur Róbert, á þetta námskeið og er hann reynslunni ríkari eftir það. Þetta námskeið nýtist einnig vel fyrir aðra féлага og hefur færst mikið líf í fjallabjörgunarahóp sveitarinnar, sem hefur einnig tekið upp samstarf við Tý á Svalbarðsströnd.

## Inflúensunámskeið – 21. september

Þær Sigrún og Marsibil fóru sem fulltrúar Dalbjargar á þetta námskeið sem var haldið á Dalvík. Leiðbeinandi var Einar Örn, sjúkraflutningamaður frá Suðurlandi.

Á námskeiðinu var rætt um hvað influensa er, hvernig hún smitast og hvað við getum gert til að forðast smit.

## Fyrsta hjálp 1 – 2.-4. október

Þetta námskeið var haldið í Hrafnagilsskóla og leiðbeinandi var Anna Sigrún. Þetta er eitt af þeim námskeiðum sem við höldum reglulega og félagar vita einnig að nauðsynlegt er að halda þekkingunni við. Félagar voru mjög ánægðir með námskeiðið að vanda.

## Fjarskipti 1 – 7. október


Námskeiðið var haldið í Bangsabúð og leiðbeinandi var Daníel frá Slysavarna-



66 gráður norður hvað?



Pétur að æfa björgun.



Bubbi og Eiður. - Ekki óalgeng sjón á fjöllum.

félaginu Landsbjörg. Mæting var mjög góð og einnig mættu félagar úr öðrum sveitum. Þetta námskeið er mjög gagnlegt og félagar lærðu margt sem þeir ekki vissu um hvernig fjarskiptakerfin okkar virka.

## Vélsleðamaður 1 – 4. desember

Nokkrir Dalbjargarfélagar sóttu þetta námskeið sem var haldið í H12 þann 4. desember. Leiðbeinandinn var Gísli Hannesson yfirleiðbeinandi úr Kyndli í Mosfellsveit. Þarna var farið yfir grunnatriði um búnað og kröfur til ökumanna vélsleða.

**Parketslípun  
og lagning**

**Nýsmíði  
og viðhald**



**ÁK SMÍÐI**

Sími 897 6036



# Landsæfing 2009

Þann 24. október var Landsæfing björgunarsveitanna haldin á Reykjanesi. Margar sveitir á svæðinu komu að skipulagningu æfingarinnar og hún var öll hin glæsilegasta. Frá Dalbjörg fóru 8 manns í tveimur hópum; skyndihjálparhóp og tækjahóp. Hér kemur frásögn af reynslu skyndihjálparhópsins af æfingunni.

Dagurinn var tekinn snemma og mannskapurinn vaknaði kl. 06:30. Hópstjórnarnir, Smári og Sunna, mættu á fund kl. 07:00 þar sem skipulag æfingarinnar var útskýrt og spurningum svarað. Einnig fengum við afhentar möppur með númeruðum verkefnum og við sáum strax að við áttum skemmtilegan dag í vændum. Eftir fundinn drifu allar sveitir sig út til að finna sín fyrstu verkefni.

Meðal verkefna sem skyndihjálparhópurinn fékk voru maður sem féll úr stiga, maður með bruna á fæti og sprenging í gaskút þar sem tveir brenndust. Eitt af verkefnum var að taka á móti þyrlu, sækja sjúkling á börum um borð í hana og bera svo annan sjúkling um borð. Okkur fannst þetta verkefni frábært og það var mjög spennandi að fá að reyna það í alvöru að umgangast þyrlu – það er allt annað heldur en að lesa um hvernig á að bera sig að. Við fórum einnig í skála þar sem hafði kviknað í og 4 manns þörfnuðust aðhlyningar vegna brunasára og reyk-eitrunar.



Tekið á móti sjúkling úr þyrlu.



Fríður hópur við TF-EIR.

Verkefnið sem stóð án efa upp úr eftir daginn var verkefni sem við fórum í ásamt 5 öðrum björgunarsveitum. Það var um borð í skipi þar sem hafði orðið sprenging í vélarrúmi og óvíst var hve margir slasaðir voru um borð. Við byrjuðum á því að halda fund með öllum sveitunum, setja vettvangsstjóra og skipta hópnum niður eftir færnisviðum. Svo var farið um borð og tekið til óspilltra málanna við að ná sjúklingunum upp. Félagar einnar sveitarinnar settu upp búnað til að hífa sjúklingana upp úr lestinni og það gekk mjög vel. Svo var tekið við þeim uppi á bryggju og þeir fengu viðeigandi meðferð. Öll skráning og skipulagning gekk vel í þessu verkefni og við vorum ánægð með hversu vel samvinnan milli sveitanna gekk þótt við hefðum aldrei unnið saman áður.

Æfingar sem þessi eru haldnar annað hvert ár og eru nauðsynlegur þáttur samhæfingu björgunarsveita á landinu. Það er góð reynsla að sjá hvernig aðrar sveitir vinna og einnig að sjá og vinna verkefni sem eru nálægt raunveruleikanum. Þessi æfing var mjög vel undirbúin, verkefnið raunhæf og sjúklingar voru vel farðaðir og léku hlutverk sín með þryði. Við áttum frábæran dag á Reykjanesi og viljum þakka björgunarsveitum á Reykjanesi kærlega fyrir góða æfingu.

Sunna Axelsdóttir

## FROST

Kælismiðjan Frost ehf.

Kælismiðjan Frost ehf.  
Fjölnisgötu 4b  
603 Akureyri  
Sími 464 9400  
Fax 464 9401  
frost@frost.is

Kælismiðjan Frost ehf.  
Stangarhyl 5  
110 Reykjavík  
Sími 464 9400  
Fax 464 9402  
www.frost.is

### Heildarlausnir fyrir smærri og stærri verkefni í kæliiðnaði:

#### Frysti og kæligeymslur

Stálgrindarhús  
Veggeiningar  
Hurðir  
Frysti og kælikerfi

#### Minni frysti og kæliklefar

Staðlaðir klefar frá 0,8 m2  
eða eftir máli.  
Sambyggð eða sjálfstæð frystikerfi

#### Verslanir

Kæli og frystimublur  
Viðhalds og rekstrarþjónusta  
Vaktþjónusta 24/7

#### Heilfrysting

Uppsjávar- eða bolfiskur  
Sjálfvirkir plötufrystar, lóðréttir og láréttir  
Frystikerfi

#### Einangrun

Lagna, kúta  
Lesta og annarra rýma í skipum

#### Ráðgjöf og þjónusta

Hönnun  
Bilanagreining og rekstrarráðgjöf  
Kælimiðlar





ÍSLENSK HÖNNUN



**37°**

**BJÖRG**

EINSTAKLEGA LÉTTUR 3JA LAGA DÖMUJAKKI MEÐ VATNSHELDUM RENNILÁSUM. EFNID ER JAPÖNSK ICEGUARD® SKEL SEM HEFUR 20.000 MM. VATNSHELDNI OG 18.000 GR/M/24HRS. ÖNDUN. STERKUR JAKKI SEM AUÐVELT ER AÐ HREYFA SIG Í, FYRIR ALLAR TEGUNDIR ÚTIVISTAR OG VIÐ ÖLL VEÐURSKILYRÐI.

VERÐ: 39.990 KR.

STÆRÐIR: XS-3XL.

LITIR: RAUÐUR, ORANGE, SVARTUR.



SPJARÐU ÞIG

**WWW.CINTAMANI.IS**

CINTAMANI AUSTURHRAUNI 3  
210 GARÐABÆ, S. 533 3805

CINTAMANI KRINGLAN 2. HÆÐ  
103 REYKJAVÍK, S. 533 3003

CINTAMANI CENTER LAUGAVEGI 11  
101 REYKJAVÍK, S. 517 8088

# Björgunarsveitin Týr á Svalbarðseyri

Björgunarsveitin Týr er starfrækt á Svalbarðsströnd. Hún sinnir almennum björgunarsveitarstörfum og er útbúin tveimur bílum. Helstu verkefni síðasta árs tengdust unglिंगadeild félagsins sem var formlega stofnuð í sumar.

Í byrjun árs fórum við með níttján unglिंगa á stutt skyndihjálparnámskeið í Bangsabúð ásamt unglिंगadeild Dalbjargar en Pétur stjórnaði námskeiðinu með glæsi-brag. Við fengum lánaða kassa hjá Dalbjörg og leiðsögn og þjálfun í kassaklifri og fórum með þá reynslu inn í unglिंगastarfið. Kassaklifrið vakti lukku og heimtingu á meira þrilli. Í framhaldinu fórum við í klifurvegginn hjá Súlum og síðar í sumar fengum við nokkra Dalbjargarmenn til að leiðbeina okkur í sigi í Munkaþverárgili. Krakkarnir höfðu rosalega gaman af þessari áskorun.

Í apríl fórum við með hluta af unglिंगadeildinni upp á Vaðlaheiði á bílunum okkar, með fjóra snjósleða og slöngur. Þar grilluðum við pylsur og sprelluðum fram eftir degi. Í júní fóru fimm krakkar úr unglिंगadeildinni á útivistarnámskeið á Gufuskálum og Slysavarnardeild kvenna í

Reykjavík styrkti þá dvöl. Nú í haust fórum við í Mývatns-sveit að skoða Lofthelli í Laxárdalshrauni ásamt unglिंगadeildinni Stefáni.

Björgunarsveitin fór í fimm útköll upp á Víkurskarð á árinu, öll vegna ófærðar eða óveðurs. Þá var einnig farið í hestabjörgun á Vaðlaheiði í janúar. Einnig var farin ein æfingarferð út í Flateyjardal í mars á báðum bílum sveitarinnar og veðrið lék við okkur. Nú í nóvember fengum við Dalbjargarmenn í heimsókn með æfingar í sigi, klifri og spottanotkun og við stefnum að því að halda slíkar æfingar reglulega. Til að afla fjár fyrir sveitina tókum við þátt í sölu á Neyðarkallinum eins og aðrar björgunarsveitir og vorum með eldvarnaátak í leiðinni. Það fólst í endurhleðslu á slökkvitækjum og sölu á reykskynjurum og rafhlöðum og við fengum mjög góðar viðtökur. Til fjáröflunar rifum við einnig þök af gömlum útihúsum í sveitinni.

Við óskum ykkur gleðilegs árs og minnum á að eins og undanfarin ár verður áramótabrenna og **flugeldasýning björgunarsveitarinnar** á gamlárskvöld kl. 20:00 við Svalbarðseyrarvita.

Heimasíða: [www.123.is/tyr](http://www.123.is/tyr)

**Flugeldasala í anddyri Valsárskóla á Svalbarðseyri**

29. og 30. desember kl. 15-22


31. desember kl. 11-16



Unglिंगadeildin á Vaðlaheiði.



Út í Flateyjardal.



Við sigæfingar í Munkaþverárgili.



**GARÐLAUSNIR**





*Hafðu samband*  
sími 444 7000 \* arionbanki.is

Starfsfólk Arion banka  
*óskar þér og þínum  
gledilegrar hátíðar.*

Við þökkum viðskiptin  
á árinu sem er að líða.

 Arion banki

*Óskum viðskiptavinum okkar  
farvæls komandi árs  
með þakklæti fyrir það sem er að líða*



Eyjafjarðarsveit

# SETTU ÖRYGGIÐ Á ODDINN!

## ÞAÐ BORGAR SIG



[www.pieps.com](http://www.pieps.com)



Kynntu þér vetrartilboð okkar á PIEPS snjóflóðabúnaði  
Veldu aðeins það besta - allt annað er málamiðlun !

 **Black Diamond™**

Ísaxir, mannbroddar, fjallaskíði o.fl.

 **SCARPA®**

Göngu – og fjallaskíðaskór

 **Marmot®**

Útivistarfatnaður o.fl.

 **Smartwool**

100% ullarnærfatnaður o.fl.

## Við erum með réttu græjurnar hvenær, hvernig og hvert sem þú ferðast...

[www.fjallakofinn.is](http://www.fjallakofinn.is)

# FJALLAKOFINN

Reykjavíkurvegi 64 • 220 Hafnarfirði • sími 510 9505